



LÁNAMÁL RÍKISINS

Kalkofnsvegi 1 150 Reykjavík
sími: 569 9600 bréfasími: 569 9604
netfang: lanamal@lanamal.is
veffang: <http://www.lanamal.is>

Til dagblaða, fréttastofa
og fjármálastofnana

Fréttatilkynning
28. desember 2018

Ársáætlun í lánamálum ríkissjóðs 2019

- *Áætlað er að útgáfa ríkisbréfa nemi 40 ma.kr. að söluvirði árið 2019.*
- *Fyrirhugað er að gefa út nýjan óverðtryggðan tveggja ára ríkisbréfaflokk.*
- *Ekki er fyrirhugað að taka erlent lán á árinu.*

Inngangur

Hrein innlend langtímalántaka er áætluð neikvæð upp á 15 ma.kr. Í febrúar er á gjalddaga RÍKB 19 0226 að andvirði 51 ma.kr. Aðrar afborganir af langtímalánum nema samtals 4 ma.kr., 2 ma.kr. afborgun er af skuldabréfi útgefnu af ríkissjóði vegna kaupa á hlut Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar í Landsvirkjun, og aðrir 2 ma.kr. eru vegna greiðslu afborgana á yfirteknum ríkisábyrgðum vegna falls bankanna og annarra lána. Engin erlend lán eru á gjalddaga á næsta ári.

Langtímalánsfjárförfinni verður mætt með útgáfu ríkisbréfa fyrir um 40 ma.kr. að söluvirði¹. Hrein útgáfa ríkisbréfa er áætluð neikvæð um 11 ma.kr. á árinu 2019. Áfram verður unnið að því að draga úr verðtryggingarmisvægi ríkissjóðs með útgáfu vaxtaskiptasamninga.

¹ Með söluvirði er átt við hreint verð „clean price“ með áföllnum verðbótum á höfuðstól þ.e. verð með verðbótum án áfallinna vaxta.

**Innlend langtímalánsfjárför 2019***

<i>Fjárhæð í ma.kr.</i>		
Hrein innlend langtímalánsfjárför		-15
Innlausn og afborganir		
Ríkisbréf	51	
Önnur lán	4	
Innlend langtímalánsfjárför		55
<hr/>		
Lántaka		40
Ríkisbréf	40	

*Véklar eru undanskildir en útgáfan miðast við að stýðja við stefnu stjórnvalda um að halda sjóðstöðunni í 40 ma.kr. á hverjum tíma.

Útgáfuáætlun hvers ársfjórðungs verður birt síðasta viðskiptadag fyrri ársfjórðungs. Í ársfjórðungsáætlunum munu koma fram upplýsingar um áætlaða heildarútgáfu þeirra skuldabréfaflokka sem verða í boði og áætlað útgáfumagn hvers flokks að hámarki. Áætlun um útgáfu á fyrsta ársfjórðungi 2019 er birt samhliða ársáætlun þessari.

Stefna í lánamálum ríkisins

Stefna í lánamálum ríkisins 2019-2023 var birt af fjármála- og efnahagsráðuneytinu þann 21. desember 2018. Hún endurspeglar áform stjórnvalda um lánsfjármögnun á tímabilinu en hún er endurskoðuð og birt árlega. Meginmarkmið stefnunnar er að tryggja að lánsfjárför og fjárhagslegum skuldbindingum ríkissjóðs verði mætt með lágmarkskostnaði að teknu tilliti til varfærinnar áhættustefnu. Þá skal skv. stefnunni stuðla að frekari uppbyggingu á skilvirkum frum- og eftirmarkaði með innlend ríkisverðbréf.

Á síðari hluta ársins 2018 hóf ríkissjóður í fyrsta sinn að gera verðbólgu skiptasamninga við innlendar fjármálastofnanir til að stýra betur verðtryggingar- og vaxtaáhættu lánasafnsins. Ríkissjóður hafði heimild til að gera skiptasamninga fyrir allt að 40 ma.kr. á árinu 2018. Tímalengd þeirra samninga sem gerðir hafa verið eru á bilinu 3-7 ár. Samningarnir fela í sér að ríkissjóður greiðir breytilega nafnvexti en fær greidda fasta raunvexti út líftíma hvers samnings. Nánari upplýsingar um þessa samninga verða birtar síðar. Ríkissjóður hefur heimild til að gera skiptasamninga fyrir allt að 50 ma.kr. á árinu 2019. Ríkissjóður mun halda áfram að gefa út skiptasamninga við stýringu á vaxtaáhættu ef markaðsaðstæður og kjör leyfa.

Útgáfa óverðtryggðra ríkisbréfa

Samkvæmt langtímastefnu í lánamálum er áherslan í útgáfumálum á sölu á 2ja, 5 og 10 ára markflokkum ásamt uppbyggingu á nýjum flokkum sem gefnir eru út með óreglulegum hætti. Samkvæmt stefnunni verður gefinn út nýr 2ja ára óverðtryggður flokkur á árinu 2019, sem tekur við af RIKB 20 0205 sem tveggja ára markflokkur en flokkurinn er 76 ma.kr. að stærð. Stefnt verður á viðskiptavakt með nýja flokkinn. Samkvæmt langtímastefnunni mun RIKB 25 0612 og RIKB 28



LÁNAMÁL RÍKISINS

1115 verða 5 og 10 ára markflokkar á næsta ári. Möguleiki á því að stækka aðra flokka er lítill enda miðað við að eldri flokkar fari ekki yfir 100 ma.kr.

Útgáfa verðtryggðra ríkisbréfa

Áfram verður unnið að því að stækka RIKS 26 0216 en flokkurinn er nú orðinn 10 ma.kr. að stærð. Ríkisbréfaflokkurinn RIKS 21 0414, sem er ásamt verðbótum 77 ma.kr. að stærð, á rúmlega 3 ár til gjalddaga. Ríkissjóður hefur heimild til að stækka flokkinn þó að flokkurinn sé verðtryggður með minna en 5 ár til gjalddaga. Ríkissjóður kann að skoða möguleika á að stækka flokkinn til að mæta mikilli eftirspurn og auka seljanleika hans á eftirmarkaði.

Lausafjárstýring

Samkvæmt gildandi stefnu stjórnvalda í lánamálum er markmiðið að halda sjóðstöðu ríkissjóðs að jafnaði í 40 ma.kr. Til þess að ná frekar þessu markmiði hefur ríkissjóður styrkt og bætt stjórn tækin í lausafjárstýringu. Breytingar hafa verið gerðar á fyrirkomulagi við útgáfu ríkisvixla. Útgáfan er nú sveigjanlegri en áður til að mæta betur tímabundnum sveiflum í tekjum og útgjöldum innan ársins. Ríkissjóður á einnig kost á því að óska eftir láni eða veita krónulán til bankanna til mjög skamms tíma til að draga úr daglegum sveiflum á viðskiptareikningi sínum í Seðlabankanum.

Þó að ýmislegt hafi verið gert til að bæta lausafjárstýringu ríkissjóðs þá hefur gengið erfiðlega að ná markmiðinu að halda sjóðstöðu ríkissjóðs að jafnaði í 40 ma.kr. sem skýrist af ýmsum þáttum þar með talið ytri þáttum sem erfitt er að hafa stjórn á. Áfram er stefnt að því að bæta lausafjárstýringuna enn frekar t.d. með því að bæta lausafjárspár og að láta tekjur og gjöld ríkissjóðs falla betur að sömu dögum.

Uppkaup - skiptiútboð

Til greina kemur að halda skiptiútboð þar sem eigendum ríkisbréfa t.d. í flokknum RIKB 20 0205 verður boðið að skipta yfir í aðra markflokka. Útgáfa í tengslum við skiptiútboð mun bætast við fyrirhugaða útgáfu á árinu þar sem hún dregur úr útgáfuförfinni á komandi árum. Einnig verða uppkaupt og hugsanlega skiptiútboð á ómarkaðshæfum flokkum.

Innstæður ríkissjóðs í Seðlabanka Íslands

Í lok nóvember var staða á viðskiptareikningi ríkissjóðs í Seðlabanka Íslands um 98 ma.kr. Að auki á ríkissjóður að jafnvirði um 91 ma.kr. í innstæðum í erlendum gjaldeyri hjá Seðlabankanum. Framangreindar innstæður duga til að þess að fjármagna um 22% af útistandandi skuldum ríkissjóðs. Það jafngildir því að peningalegar eignir séu nægilegar til að fjármagna allar skuldir ríkissjóðs til næstum tveggja ára án þess að þörf sé á nýjum lántökum.

Erlend lán

Engin erlend lán eru á gjalddaga á næsta ári og ekki fyrirhuguð nein erlend lántaka.



LÁNAMÁL RÍKISINS

Tímasetningar útboða og nánari útfærsla

Útboð ríkisverðbréfa verða haldin samkvæmt útboðsdagatali *Lánamála ríkisins*. Einu sinni til tvisvar í mánuði eru fráteknir dagar fyrir útboð ríkisbréfa og einu sinni í mánuði fyrir ríkisvixla. Þessir dagar eru merktir sérstaklega inn á útboðsdagatalið og birtir á vefsíðunni www.lanamal.is. Áskilin er réttur til þess að fella niður útboð t.d. vegna markaðsaðstæðna. Ef breyting verður á gildandi ársáætlun er venjan að tilkynna það í ársfjórðungsáætlun.

Mánaðarlegar Markaðsupplýsingar, upplýsingasíður hjá Bloomberg <ICDO> og vefsíðurnar www.lanamal.is og www.bonds.is verða með svipuðu sniði og verið hefur.

Aðalmiðlarar ríkisverðbréfa

Arion banki hf.
Íslandsbanki hf.
Kvika banki hf.
Landsbankinn hf.

Frekari upplýsingar veita Esther Finnbogadóttir í fjármála- og efnahagsráðuneyti í síma 545 9200 og Björgvin Sighvatsson hjá Lánamálum ríkisins í síma 569 9600.